Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Nr. 10/2022

Reykjavík, 1.6.2022 Málsnúmer: 2022060004

## Efni:

**Filipino Store**, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **Instant Noodles Pancit Canton Chili frá Lucky Me!**

## Ástæða innköllunar:

Varnarefnið ethylene oxíð var notað við framleiðslu á innihaldsefnum sem síðan voru notuð við framleiðslu á vörunni. Ethylene oxíð er ekki leyfilegt til notkunar við framleiðslu matvæla í Evrópu.

## Hver er hættan?

Ethylene oxíð hefur ekki bráða eiturvirkni en efnið hefur erfðaeituráhrif (getur skaðað erfðaefnið) og getur því haft skaðleg áhrif á heilsu.

## Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: **Lucky Me!**

Vöruheiti: **Instant Noodles Pancit Canton Chili**

Geymsluþol: **Best fyrir** Dagsetning: **27/07/2022**

Strikamerki: **4807770271229**

Framleiðandi: **Mobde Nissin Thailand Co. LTD.**

Framleiðsluland: **Tæland.**

## Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru:

Filipino Store ehf., Langarima 23, 112 Reykjavík.

## Dreifing:

Aðeins selt í versluninni Filipino Store, Langarima 23, og í vefverslun www.filipino.is.

## Leiðbeiningar til neytenda:

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga en einnig má skila henni gegn endurgreiðslu í verslun Filipino Store, Langarima 23.

## Nánari upplýsingar um innköllun:

Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Gunnar Örn Eggertsson í síma 662 5369, store[hja]filipino.is.

## Mynd(-ir):

